



RAFMENNT

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR

2023

INNIHALD

Starfsemi Rafmenntar ehf 2023

Pór Pálsson

Framkvæmdastjóri/skólameistari

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----|
| Stjórn | 2 |
| Starfsmenn | 2 |
| Námskeið | 2 |
| Fagbréf..... | 4 |
| Áttin | 5 |
| Öryggismál..... | 5 |
| Námssamningar..... | 5 |
| Nemastofa | 5 |
| Sveinspróf..... | 6 |
| Viðurkenningar starfsréttinda | 7 |
| Raunfærnimat | 7 |
| Framhaldsskóli Rafmenntar..... | 7 |
| Menntun eldri nemenda | 7 |
| Skoðunarferðir erlendis..... | 8 |
| Síðsumarsráðstefna | 8 |
| Námskrá..... | 9 |
| Kynningarmál..... | 9 |
| Stuðningur við nema í grunnnámi..... | 9 |
| Stefnumótun..... | 10 |
| Starfsmenn | 10 |

Starfsár Rafmenntar ehf 2023

Stjórn

Stjórn Rafmenntar ehf fram að aðalfundi félagsins 16. maí 2023 var þannig skipuð; Andri Jóhannesson (RSÍ), Andri Reyur Haraldsson (RSÍ), Helgi Rafnsson (SART), Ragnar G. Gunnarsson (RSÍ), Hjörleifur Stefánsson (SART) varaformaður, Margrét Halldóra Arnarsdóttir (RSÍ) formaður, Sigurður Gunnarsson (SART) og Pétur H. Halldórsson (SART). Varamenn í stjórn voru Kristján D. Sigurbergsson (SART) og Finnur Víkingsson (RSÍ).

Á aðalfundi gekk úr stjórn; Sigurður Gunnarsson (SART).

Stjórn Rafmenntar frá 16. maí 2023 er þannig skipuð; Andri Jóhannesson (RSÍ), Andri Reyur Haraldsson (RSÍ) varaformaður, Helgi Rafnsson (SART), Hjörleifur Stefánsson (SART) formaður, Margrét Halldóra Arnarsdóttir (RSÍ), Pétur Hákon Halldórsson (SART) Ragnar G. Gunnarsson (RSÍ) og Hjörtur Árnason (SART). Varamenn í stjórn eru Finnur Víkingsson (RSÍ) og Kristján D. Sigurbergsson (SART).

Stjórnin hélt 10 fundi á starfsárinu.

Starfsmenn

Breytingar urðu á starfsmönnum Rafmenntar á árinu. Ásmundur Einarsson verkefnastjóri smáspennu lét af störfum vegna aldurs. Rúnar Sigurður Sigurjónsson var ráðinn í starf verkefnastjóra smáspennu og leggur hann áherslu á nýngar í endurmenntun félagsmanna sem starfa innan smáspennugeirans. Ingvar Jónsson verkefnastjóri miðlunar, tækni og skapandi greina lét af störfum og í hans stað var Ingi Einar Jóhannesson (Ingi Bekk) ráðinn.

Auk fastráðinna starfsmanna, komu 29 utanaðkomandi kennarar/leiðbeinendur að kennslu meistaraskóla og á námskeiðum á árinu 2023. Einnig komu 11 aðilar að raunfærnimati. Eru þetta sem fyrr aðilar sem ýmist starfa sem kennarar við verkmenntaskóla eða sérfræðingar, hver á sínu sviði sem tæknifræðingar/verkfræðingar/iðnfræðingar, á verkfræðistofum eða sjálfstætt starfandi.

Nú sem fyrr er það skoðun þeirra sem koma að stjórn Rafmenntar, að fá sem hæfustu einstaklinga úr atvinnulífinu til að sinna kennslu/leiðsögn á námskeiðum og þeim verkefnum sem þurfa sérfræðipækkingu. Það er það form sem gagnast fræðslunni best enda er þá um að ræða einstaklinga sem eru að fást við nýjustu tækni og búnað hverju sinni.

Námskeið

Áfram er lagt upp með að auka áherslu á virkni Rafmenntar á samfélagsmiðlum með auglýsingum á námskeiðum og fyrirlestrum. Mikilvægi endurmenntunar er alltaf að aukast vegna sífelldrar þróunar í tækni og búnaði sem félagsmenn okkar eru að glíma við alla daga. Það ætti að ýta á að þeir leiti sér stuðnings til að geta tekist á við tækniþróunina. Leitað er leiða til að auka virkni félagsmanna í því að leita sér endurmenntunar.

Aukin vakning er innan fyrirtækja um menntun starfsmanna til dæmis með aukinni þátttöku í verkefnum fræðslustjóra að láni gengum vef Áttarinnar.

Á árinu voru kenndir 56 hópar af áföngum í meistaraskóla. Aðsókn í nám í meistaraskóla dróst heldur saman frá árinu á undan. Á súluriti sést þróun í nemendafjölda og fjölda hópa frá árinu 2019.

Þrátt fyrir færri skráningar á árinu voru 67 nemendur með fleiri en 9 einingar á önn í meistaranámi sem er fjölgun frá fyrra ári.



Sjá má á töflunni, að fjöldi útskrifaðra meistara er sá sami og á fyrra ári.

Árið 2023 gaf HMS út eftirfarandi fjölda nýrra („rafmagnsöryggis“) löggildinga:
 B-löggilding: 40
 A-löggilding: 8

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|--------------|------|------|------|------|------|
| Nemendur | 45 | 60 | 45 | 54 | 67 |
| Útskriftir | 25 | 32 | 48 | 46 | 46 |
| Löggildingar | 30 | 30 | 30 | 53 | 48 |

Fjórir þeirra sem fengu nýja A-löggildingu árið 2023 fengu jafnframt nýja B-löggildingu það ár og hinir fjórir sem fengu nýja A-löggildingu árið 2023 höfðu gilda B-löggildingu fyrir.

Töluverð fjölgun var í þátttöku á námskeiðum milli ára. Starfsmenn Rafmenntar eru stöðugt að skoða nýja möguleika á námskeiðum og leitast við að svara þörfum fyrirtækja með námskeiðahald. Fylgst er með spjallsíðum þar sem umræða fer fram og ef hún fer að snúnast um menntun eða tækni eru möguleikar skoðaðir svo dæmi sé tekið. Á heimasíðunni er einnig hnappur þar sem gestir síðunnar eru beðnir um að koma með ábendingar að nýjum námskeiðum eða fyrirlesturum. Námskeiðin geta verið um nýngar sem eru að koma á markað og geta verið haldin einu sinni eða reglulega meðan eftirspurn er eftir þeirri þekkingu sem þar er kennd. Rekja má þessa fjölgun að einhverju leyti til átaks stærri verktaka á námskeiðum tengdum öryggismálum og skyndihjálp.



Áfram er stefnan að auka framboð endurmenntunarnámskeiða og kynninga hjá Rafmennt í samstarfi við fyrirtæki þar sem félagsmenn starfa. Áherslan er að þeir geti sótt sér endurmenntun á styttri námskeiðum þar sem einstaka nýjungar eru í aðalhlutverki. Leitað var til birgja og þjónustuaðila og þeim boðið að halda fyrirlestur og/eða námskeið hjá Rafmennt um nýjungar á þeirra sviði.

Auk þess að sækja námskeið hjá Rafmennt gefst félagsmönnum tækifæri á að sækja sér námskeið annarsstaðar og fá styrk upp í kostnað. Upphæð styrkja er endurskoðuð árlega. Eftir að einstaklingsstyrkir voru hækkaðir jókst aðsókn í styrkina. Ásamt því að þeir voru hækkaðir voru styrkjareglur einfaldaðar. Nánari upplýsingar um styrki eru á heimasíðu Rafmenntar undir styrkir, en einnig eru upplýsingar á „mínum síðum“ á vef RSÍ.



Fagbréf

Haustið 2021 var farið í greiningarvinnu vegna öryggi viðburða og skapandi greina þar sem stýrihópur hittist til að fara yfir stöðu mála. Í hópnum voru Ingvar Jónsson (Rafmennt), Jakob Tryggvason (FT), Áskell Heiðar Ásgeirsson (Háskólinn á Hólum) Steinar Snæbjörnsson (Borgarleikhús) og Anna Jóna Kristjánsdóttir (Bifröst).

Útkoma vinnunnar var sú að farið var í að setja saman stýrihóp fyrir fyrsta verkhluta fyrir útgáfu fagbréfa þar sem greint yrði hvaða störf yrðu fyrir valinu sem send yrðu til greiningar fyrir annan verkhluta.

Í stýrihópnum í verkhluta 1. sátu Beggi Jónsson (Sagafilm), Elva Dögg Melsteð (Harpa), Ingvar Jónsson (Rafmennt), Jakob Tryggvason (FT), Kolbrún Halldórsdóttir (Samráðsvettvangur fagfélaga innan sviðslista) og Lilja Björk Guðmundsdóttir (Samtök Iðnaðarins). Fundað var vorið 2023 og í lok maí sama ár lá fyrir hvaða störf færu í hæfnigreiningu hjá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins.

Störfin sem voru valin voru eftirfarandi:

- Tímabundin burðarvirki
- Sviðsstjórn
- Ráðstefnutækni
- Lifandi myndir (Nafni síðar breytt í Kvikmyndastjórn eftir greiningarvinnu)

Í júní 2023 hófst vinna við að setja saman 4-5 fulltrúa stýrihópa fyrir hvert starf sem síðan myndu velja 10-15 fulltrúa í greiningarhóp. Vali í stýrihópa var stýrt af Ingvari Jónssyni fráfarandi verkefnastjóra tækni, miðlunar og skapandi greina hjá Rafmennt og Inga Bekk sem tók við í ágúst það sama ár. Viðtökur við beiðnum um þátttöku í verkefninu voru mjög góðar og auðvelt var að fá fulltrúa til verkefnisins. 57 fulltrúar tæknifólks víðsvegar að úr miðlun og skapandi greinum tóku þátt í greiningu þessara fjögurra starfa sem fór fram frá ágúst fram í desember 2023.

Lokaskýrslur og starfaprófilar hafa nú borist fyrir öll stærfin og áætlað er að matslisti fyrir tímabundin burðarvirki berist í lok mars 2024 og fyrir hin stærfin í kjölfarið fram á haust.

Í kjölfar nýs kjarasamnings tæknifólks þar sem launaflokkar eru beintengdir hæfniprepum mun Rafmennt bregðast við áætlaðri aukinni ásókn í raunfærnimat fyrir tæknigreinar með fjölgun á matsaðilum og styrkingu á almennu skipulagi.

Áttin

Áttin er vefgátt, sem greiðir leið fyrirtækja að umsóknum, í starfsmenntasjóði og fræðslustofnanir. Áttin er sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og launafólks á almennum vinnumarkaði. Í gegnum hana koma umsóknir frá fyrirtækjum vegna endurmenntunar starfsmanna. Einn liður í þessu ferli er Fræðslustjóri að láni. Það verkefni byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðum í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Í gegnum þetta ferli hefur Rafmennt komið að ýmsu námskeiðahaldi fyrir fyrirtæki og lagt áherslu á að fræðslustjóri kynni námsframboðið fyrir starfsmönnum þeirra fyrirtækjanna sem fara í þetta verkefni. Í Áttina bárust 120 umsóknir árið 2023 frá fyrirtækjum sem greiða af sínum starfsmönnum í Menntasjóð rafiðnaðarins. Er það aukning frá fyrra ári sem er í takt við áhuga fyrirtækja á menntun starfsmanna.

Öryggismál

Öryggismál eru alltaf að skipa stærri og stærri sess. Unnið hefur verið að því að koma á námi í öryggismálum sviðslista „RIGGING“ í samvinnu við fræðsluaðila á Englandi ásamt stýrihóp aðila sem hafa reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Öyggisapp Rafmenntar, Rafmennt öryggi er aðgengilegt frítt fyrir android og ios farsíma. Appið hefur náð töluverðri útbreiðslu og hafa nokkrir kennarar tekið það inn í sína kennslu í framhaldsskólum. Stýring á spurningum og itarefni er nú í höndum starfsmanna Rafmenntar sem einfaldar allt eftirlit og uppfærslu á appinu. Notendur appssins eru hvattir til að senda inn ábendingar í gegnum ábendingahnapp í appinu.



Námssamningar

Ný reglugerð um vinnustaðanám tók gildi 1. ágúst 2021. Í henni er ábyrgð verknámsskólanna á námi nemenda frá upphafi til loka ítrekuð. Því fylgir að skólar eiga að sjá til þess að nemendur ljúki starfsþjálfun samhliða námi og hafi lokið hvorutveggja áður en þeir útskrifast. Því fylgir að skólarnir stofna rafræna ferilbók þegar nemi hefur vinnustaðanám. Gerðir voru 101 námssamningur í rafvirkjun á árinu 2023 sem er töluverð fækkun frá því í fyrra sem skýrist af því að nemendur færast nú yfir í nýtt kerfi.

Nemastofa

Verkefni félagsins á liðnu ári eru í takti við tilgang og markmið þess s.s. að stuðla að fjölgun faglærðs fólks í atvinnulífi; að fjölga nemum og námstækifærum í iðn- og starfsnámi; að styðja fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanám s.s. kynna notkun og skráningu í rafræna ferilbók; að bjóða iðnmeisturum og tilsjónarfólki þjálfun og kennslu á vinnustað; að stuðla að jákvæðri vinnustaðamenningu í iðnfyrirtækjum; stuðla að jafnara kynjahlutfalli í námsvali og taka þátt í verkefnum sem ætlað er að bæta enn frekar ímynd vinnustaðanáms.

Nemastofa atvinnulífsins heldur saman upplýsingum um framkvæmd iðnnáms í landinu s.s. um fjölda nema í iðnnámi, um framboð nemaplássa í iðngreinum, um fjölda fyrirtækja á birtingalista auk annarra verkefna og birtir í mælaborði félagsins.


Í árslok voru samtals 928 fyrirtæki skráð á birtingalistann en þessi fyrirtæki eru skráð fyrir 2714 nemaplássum í samtals 32 iðngreinum. Á birtingalistanum eru samtals 82 fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanám í tveimur eða fleirum starfsgreinum. Fjöldi starfsstöðva/starfsgreina í boði fyrirtækja var samtals 1062. Nýting á skráðum nemaplássum þann 15. desember 2023 var 38,9%. Þann 15. desember sl. voru virkir nemar í iðnnámi samtals 4642 og þar af voru 892 nemar skráð í grunnám. Á árinu 2023 luku samtals 878 iðnnemar sveinsprófi sem er fjölmennasti hópur brautskráðra nýsveina frá síðustu aldamótum. Samtals eru 212 nemar skráðir með hefðbundin námssamning í lok árs 2023. Nemastofa skráði samtals 179 fyrirtæki í umsóknargátt Menntamálastofnunar.

Nemastofa tók þátt í nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur þann 4. febrúar 2023 og veitti þremur fyrirtækjum og iðnmeisturum sem hafa náð góðum árangri í þjálfun og kennslu nema á vinnustað sérstaka viðurkenningu. Fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins árið 2023 voru fyrirtækin; HD, Klipphúsið og SOS Lagnir.



Sveinspróf

Sveinspróf í rafvirkjun voru haldin í febrúar og júní eins og venja er til. Alls þreyttu 250 einstaklingar prófið sem er töluverð fjölgun frá fyrra ári. Þessi stöðuga fjölgun próftaka undanfarin ár er mög jákvæð fyrir rafiðnaðinn. En segja má að stöðug fjölgun hafi verið frá 2015. Hér til hliðar má sjá þróun á fjölda próftaka í sveinsprófi í rafvirkjun frá 2019.



Auk prófa í rafvirkjun voru 9 einstaklingar sem þreyttu próf í rafveituvirkjun og einn í rafvélavirkjun. Öll fengu þau sveinsbréf afhent á árinu.

Afhending sveinsbréfa í september 2023.



Sveinspróf í rafeindavirkjun var haldið í maí og desember samhliða prófum í Tækniskólanum og í VMA. Prófið er sett saman úr lokaprófum áfanga á 6. og 7. önn. Lokaprófin eru unnin í samvinnu sveinsprófsnefndar og kennara í TS og VMA. Tuttugu og fimm nemendur luku sveinsprófi á árinu.

Viðurkenningar starfsréttinda

Viðurkenningar á erlendum starfsréttindum 2023 voru 29 á móti 25 umsóknum á árinu 2022. Sem er smávægileg fjölgun. Þessi málaflokkur fluttist frá Menntamálastofnun til Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis um áramót, reikna má með breytingum á afgreiðsluferli á árinu 2024.

Raunfærnimat

Ákveðinn stöðugleiki virðist vera að koma á fjölda þátttakenda í raunfærnimati. Á árinu 2023 luku 49 raunfærnimati í rafvirkjun. Þessir einstaklingar hafa allir starfað lengur en þrjú ár í faginu og eru eldri en 24 ára. Gera þarf átak í eftirfylgni með þeim aðilum sem fara í gegnum raunfærnimat. Þessum einstaklingum er bent á námsmöguleika í rafvirkjun hjá Rafmennt.

Framhaldsskóli Rafmenntar

Rafmennt fékk viðurkenningu Menntamálastofnunar sem framhaldsskóli með bréfi dags 23. september 2022 (https://www.rafmennt.is/static/files/arskyrsluofl/Vidurkenningmenntamalastofnun/vidurkenning-rafmennt_23.09.2022.pdf).

Með þessari viðurkenningu skapast nokkrir möguleikar Rafmenntar til að mennta félagsmenn RSÍ og SART á eigin forsendum. Leyfið nær til allra formlegra námskráa rafiðnaðarmanna og tæknifólks. Strax var hafist handa við að bjóða uppá nám í Kvikmyndatækni í samstarfi við Stúdíó Sýrland. Fyrsti nemendahópurinn, fimmtán nemendur, innrituðust um áramót og hófst námið í janúar 2023. Kennslan er skipulögð í fjórar annir og kenndar eru þrjár annir á almanaksári.

Á haustönn var innritaður nýr hópur og voru því tveir námshópar á haustönn, annar á fyrstu önn og hinn á þriðju önn. Kennslan hefur gengið vel í samstarfi við Sýrland. Fyrsti námshópurinn útskrifast frá Rafmennt í maí 2024.

Menntun eldri nemenda

Vinna við skipulag námsins hjá Rafmennt þar sem tekið var á móti eldri einstaklingum í nám í rafvirkjun lauk í maí.

Nokkur áhugi var á náminu og sóttu 26 einstaklingar um að komast í námið. Af þeim voru 20 sem uppfylltu þau skilyrði sem sett voru fram. Haldinn var kynningarfundur með væntanlegum nemendum þar sem farið var yfir fyrirkomulag námsins og forsendur. Af þessum 20 sem voru skráðir hófu námið 17 einstaklingar en fljótlega fór að tynast úr þeim hóp þar sem ástæður fyrir brottfallinu voru helstar:

- Var ekki eins og ég ímyndaði mér
- Of mikill hraði
- Hef ekki tíma

Í fyrstu höfðum við og kennarar áhyggjur af þessu en þegar tekið er tillit til þess að við vorum að stíga okkar fyrstu skref og nemendahópurinn stendur saman af einstaklingum sem höfðu brotna skólagöngu og verið langvarandi frá námi, þá er þetta brottfall kannski ekki óeðlilegt.

Lærdómur sem dregin var af þessu er að í upphafi annar þarf að leggja meiri kraft í að vera með staðnám og slípa hópinn saman og gera nemendum ljóst að ábyrgð þeirra er mikil á að halda áfram með verkefni og standast skilafresti.

Skoðunarferðir erlendis

Farnar voru þrjár skoðunarferðir erlendis á árinu. Í mars fór stjórn til Svíþjóðar í heimsókn til INSU, starfsmenn fóru til Gdansk á Euroskills þar sem þrír rafiðnaðarmenn kepptu og að lokum fóru smástraumsmenn stjórnar og starfsmaður Rafmenntar ásamt kennara frá VMA til Danmerkur til að kynna sér kennslu í rafeindavirkjun.

INSU og ETG í Svíþjóð eru menntastofnanir á sviði rafvirkjunar, loftræstingar og kælikerfa. Rafmagnshluti þeirra er með svipuðum hætti og hér á landi. Þessar stofnanir sjá einnig um sveinspróf og mat á erlendri menntun. Áhugavert var að sjá hvernig mat á erlendri menntun fór fram og kröfur sem gerðar eru til þeirra sem sækja sér það mat. Margt þar sem Íslendingar geta tekið sér til fyrirmyndar. Myndin sýnir sveinsprófsverkefni í Svíþjóð.



Starfsfólk Rafmenntar ásamt hluta prófnefndar í rafvirkjun fóru til Gdansk í september til að kynna sér og upplifa Euroskills. Meðal níu keppenda frá Íslandi voru þrír keppendur í rafiðngreinum; rafvirkjun, iðnárrafmagni og rafeindavirkjun.

Upplifun af ferðinni var góð og voru ferðalangar sammála um verulega flotta keppni þar sem metnaður keppenda skein út hverju andliti. Á myndinni má sjá Hlyn Karlsson keppenda í rafeindavirkjun



Heimsókn í Iðnskólann ZBC í Ringsted í Danmörku var farin í desember. Í ferðina fóru starfsmenn Rafmenntar Þór Pálsson og Rúnar Sigurður Sigurjónsson, Hjörtur Árnason frá FRT, Haukur Eiríksson frá VMA og Andri Jóhannesson frá FRV.

Meðal greina í skólanum er rafeindavirkjun kennd. Öll aðstaða þar er til fyrirmyndar í nýju húsnæði. Af viðtölum við kennara á greinin undir högg að sækja svipað og hér á landi. Birtist þetta í lítilli aðsókn nemenda í námið og óskilgreindum réttindum um störf rafeindavirkja.

Síðsumarsráðstefna

Eins og undanfarin ár heldur Rafmennt síðsumarsráðstefnu í samvinnu við félag kennara í rafiðngreinum. Þessi ráðstefna hefur gefist vel og ánægja innan kennarahópsins með hana. Dagskrá ráðstefnunnar var að vanda fjölbreytt þar sem blandað er saman kynningum, fræðslu og skemmtun. Að þessu sinni voru kynningar á niðurstöðum sveinsprófa, farið yfir stöðu námskrárvinnu, fræðsla frá VMA um nýtingu á rafmagnsútreikningaappi sem Rafmennt lét þýða, Ásta Logadóttir kynnti hvernig ljósastýringar geta haft áhrif á heilsu og umhverfi fólks. Að lokum fengum við kynningu frá Reykjafelli og heimboð til þeirra að ráðstefnunni lokinni.

Námskrá

Eftir menntastefnuna sem haldin var í október 2022 var stofnaður vinnuhópur um námskrárvinnuna. Hópurinn samanstóð af einstaklingum úr stjórn Rafmenntar, starfsgreinaráði, kennurum og úr atvinnulífi samtals fjórtán manns. Þessi hópur hittist reglulega á fundum í heild eða minni hópum. Í lok maí var haldin vinnuhelgi þar sem farið var yfir vinnuna og framhaldið ákveðið.

Ákveðið var að fá fleiri aðila að verkefninu og vinna áfram í fjórum hópum undir stjórn Bjargar Pétursdóttur.

Enn er reiknað með að ný námskrá líti dagsins ljós á árinu 2024.

Kynningarmál

Rafmennt hefur verið þátttakandi á ýmsum viðburðum þar sem verið er að kynna nám fyrir ungu fólki.

Á árinu var Rafmennt með kynningarbás á UT-Messunni, Íslandsmóti iðngreina Mín framtíð og á Iðnkynningunni 2023. Íslandsmótið fékk mesta athygli þar sem fjöldi grunnskólanema komu í Höllina og á básinn til okkar.



Stuðningur við nema í grunnnámi

Í upphafi haustannar var tekin upp sú nýbreytni að afhenda nemendum í grunnnámi vinnubuxur. Hefur þessi nýbreytni farið vel í nemendur og fengu 250 nemendur afhentar buxur.



